

Opnir íbúafundir í Austur Húnavatnssýslu dagana 4., 5. og 6. apríl 2018

Til sameiningarnefndar sveitarfélaganna í Austur-Húnavatnssýslu.

Frá áramótum hefur Ráðrík ehf., unnið að verkefninu *Framtíðarskipan sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu*. Haldnir hafa verið fundir með sameiningarnefnd og framkvæmdarráði hennar, félagasamtökum, vinnustaðir heimsóttir, unnið úr gögnum frá sveitarfélögum sem og öðrum opinberum aðilum. Áfangaskýrsla var skilað til sameiningarnefndar 1. mars sl. Upplýsingar og samantektir verið settar á heimasíðu verkefnisins <https://sameining.huni.is/>, og gefið út kynningarefni sem dreift var í hvert hús í sýslunni.

Í byrjun apríl voru haldnir sex opnir íbúafundir sem voru afar vel sóttir og má segja að um 400 manns samtals hafi komið að verkefninu á hinu ýmsu stigum. Að loknum íbúafundum kom fram beiðni frá formanni sameiningarnefndarinnar þess efnis að halda fund með ráðgjöfum Ráðrík ehf. og fara yfir umræður á íbúafundum og ræða næstu skref. Við fögnum þeirri beiðni og teljum gagnlegt að funda um stöðu verkefnisins á þessum tímapunkti en viljum þó vekja athygli nefndarinnar á því að samkvæmt samningi sameiningarnefndar A-Hún og Ráðrík ehf., var ekki var gert ráð fyrir því að á þessum tímapunkti yrði fundað eða skýrsla skilað sbr. 6.tl. „Ráðgjafar Ráðrík ehf., vinna úr niðurstöðum íbúafunda og undirbúa áframhaldandi vinnu að hausti.“

Boðað hefur verið til fundarins sem haldinn er á Blönduósi 27.apríl 2018 kl. 12:30 þar sem Ráðrík ehf. leggur fram eftirfarandi:

1. Samantekt af því sem fram kom á íbúafundum 4. – 6. apríl.
2. Tillögur Ráðrík ehf. að næstu skrefum.

Virðingarfyllt

f.h. Ráðrík ehf.

Samantekt af íbúafundum

ALMENNT

Fram komu áhyggjur af viðhorfum í samfélaginu, það vanti meiri jákvæðni og samstöðu. Það þurfi að tala svæðið upp en ekki niður og hampa því sem jákvætt er og vel gert.

Tillaga kom fram um að halda sérstakt íbúáþing um þessi mál.

Einnig lýstu fundarmenn áhyggjum af fólksfækkun á svæðinu sem leiddi af sér minni tekjur, fábrottnara samfélag með minni og dýrari þjónustu. Áhrifa mundi gæta á fasteignaverð, rekstur fyrirtækja væri settur í hættu og hópípróttir gætu þurrkast út. Það væri því mikilvægt að snúa þessari þróun við.

Margir voru þeirrar skoðunar að slagkraftur svæðisins mundi aukast ef sveitarfélögin fjögur sameinuðust og að stjórnarsýslan yrði skilvirkari og vandaðri. Stutt var þó í óttann við hinn stærri og sterkari sem mundi soga allt til sín; ákvarðanavald, fólk og fjármagn.

SKÓLAMÁL

Skólamálin eru mörgum hugleikin. Almennu eru íbúar svæðisins ánægðir með skólana sína þó þeir telji að hægt sé að gera betur með aukinni samvinnu, hvort sem það verður við sameiningu eða með aukinni samvinnu. Skólarni séu ólíkir en það geti einmitt verið styrkur svæðisins. Kennarar séu vel menntaðir og þjónusta við nemendur almennt góð. Aðgengi að leikskóla sé gott og sums staðar taki hann við börnum strax að loknu fæðingarorlofi. Það sé styrkur að vera með fámenna skóla þar sem vel er haldið utanum nemendur en það sé líka ógn því fækkun nemenda geti leitt til þess að t.d. Húnavallaskóla verði lokað. Veikleikar í núverandi stöðu séu m.a. þeir að skólinn sé dýr pr. nemanda. Fámennið og fámennir árgangar sé líka veikleiki og börnin vanti meira félagaval.

Vangaveltur voru upp um rekstrarform skóla ef sameinað yrði, en leikskólinn á Skagaströnd er rekinn af Hjallastefnunni. Almennu voru umræður um skólamál líflegar og fram komu margar athyglisverðar hugmyndir um samvinnu skólanna, flæði á milli þeirra, aukin samkipti barnanna og samnýtingu kennara og fagfólks. Minnt var á að ýmiskonar tækni mun mögulega skapa nýja möguleika í kennslu á næstu árum með nýju kerfi fjarkennslu.

Fram kom að þó starfandi væri byggðasamlag um fræðslumálin væri skortur á framtíðarsýn í fræðslumálum svæðisins og að mikilvægt væri að sveitarfélögin móti sér sameiginlega skólastefnu sem tæki þá líka til tónlistarskóla.

ÍPRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSMÁL

Það eru tiltölulega fjölbreytt ípróttatækifæri m.v. stærð svæðis. Minni sveitarfélögin styðjast við hin fjölmennari og samvinna sé á milli ípróttafélaganna út í öll sveitarfélögin. Aðstaðan sé almennt góð og félögin vel styrkt. Tónlistarskólinn sé ódýr, öflugt kirkjustarf fyrir börn og unglunga, starf félagsmiðstöðva gefi krökkunum góð tækifæri og í skólum fái þau að taka þátt

í leiklist og fleiru. Ótti kom fram við það að ef sveitarfélögin yrðu sameinuð mundu minni fjármunir fara til þess sem nú er vel sinnt.

Það vantar þó afrekslið í íþróttum, þau vantar fyrirmyndir og æfingaplön eru flókin þegar miða þarf við stundatöflur þriggja skóla. Samgöngur þurfi líka að leysa. Það sé vandi að fá fagmenn til starfa og stundum þurfi að leita samstarfs bæði í austur og vestur til að geta sent krakka í keppni. Almenningsamgöngur eða frístundastrætó ofarlega í hugum margra.

Ef sameina eigi sveitarfélögin þurfi að samræma skóla- og frístundastarf fyrir öll börnin. Jöfn tækifæri fyrir öll börn verði skylda sveitarfélagsins. Börnin æfi saman og rekinn verði frístundabíll. Mótun framtíðarstefnu um samstarf í íþrótt- og æskulýðsmálum væri jákvæð, hvort sem sveitarfélögin verða sameinuð eða ekki.

ÍBÚALÝÐRÆÐI

Hátt hlutfall íbúa kemur að stjórn sveitarélaganna og aðgengi að kjörnum fulltrúum er talið gott. Einhvers staðar koma fram að það væru engir íbúafundir en þó einn á ári annars staðar. Íbúar telja að það mættu vera fleiri íbúafundir til að upplýsa um hvað er á döfinni og til að leita álitis þeirra.

Einnig var bent á að nándin getur verið erfið, „allir eru skyldir öllum“. Fjölmennara sveitarfélag gefur örlítið meiri fjarlægð.

Hvernig á að ná til íbúa af erlendum uppruna? Það sé líka vandamál í sambandi við skólana. Heimasíður sveitarélaganna þyrftu líka að hafa texta á pólsku og ensku. Það þyrfti að taka betur á móti innflytjendum t.d. með stuðningsfjölskyldum.

Ef sveitarfélögin yrðu sameinuð mundi nálægð við kjörna fulltrúa e.t.v. minnka. Ótti koma fram við það að í sameinuðu sveitarfélagi yrði mögulega stillt upp á lista út frá hagsmunum eins hluta svæðisins, en ekki út frá heildinni.

Mikilvægt er að sveitarfélögin eða nýtt sveitarfélag móti sér lýðræðisstefnu þar sem fram komi hvernig stjórnvöld hyggjast eiga samráð við íbúa og hvernig aðkoma þeirra getur verið.

GJALDSKRÁR

Ekki voru talin nein vandkvæði á því að samræma gjaldskrár.

FJÁRMÁL

Það er talinn styrkur svæðisins að sveitarfélögin eru vel rekin og skuldir hóflegar. Með sameiningu yrði betri nýting fjármuna og auðveldara að ná í peninga. Ef 5% sparast eru það 100 m.kr sem mikið er hægt að gera með. Heildarsýn og auðveldara að byggja upp. Jöfnunarstjóður kæmi með styrk við nýtt sveitarfélag.

Fólksfækkun er hinsvegar ógn. Það þarf að efla innviði og það kostar. Þeir svartsýnu telja ólíklegt að hagkvæmni næðist þó sveitarfélögin yrðu sameinuð og að fasti kostnaðurinn yrði ekkert minni.

FÉLAGSPJÓNUSTA

Talið að gott væri að minnka flækjustigið og fá eina nefnd í stað byggðasamlags. Boðleiðir styttest. Þjónusta við aldraða talin góð þó sérhæft starfsfólk vanti. Einnig að fleiri úrræði vanti til að styrkja rekstur öldrunarþjónustu. Aldurspíramíðinn bendir til þess að öldrunarþjónustan þyngist í náinni framtíð.

ATVINNUMÁL

Almennt virðist nokkuð mikil samstaða um það að slagkraftur svæðsins í atvinnumálum verði meiri við sameiningu sveitarfélaga. Byggðasamlag um atvinnu- og menningarmál er talið afar stirt apparat sem hafi alls ekki verið virkt og engu skilað. Slæmt að vera með togstreitu um hvar, í hvaða sveitarfélagi, atvinnustarfsemi á að vera. Barátta um störfín er talin hættuleg.

Styrkur í dag er lítið atvinnuleysi og svæðið er vel staðsett gagnvart landinu í heild og ekki á jarðskjálftasvæði. Fólk telur svæðið eiga mikið inni í ferðamálum og varðandi nýtingu orkunnar úr Blöndu. Samgöngur nokkuð góðar og hafnaraðstað góð á Skagaströnd sem og þjónusta við sjávarútveg. Ná þurfi ÍSTEX alveg til Blönduóss. Mikið er af opinberum störfum á svæðinu sem er styrkur. Eigi að síður er atvinnulíf talið einhæft, svæðið láglounasvæði og samtakamáttinn vanti.

Ferðapjónusta talin veik og þar vanti samstöðuna, það vanti samræmt skipulag. Um möguleika í ferðamálum var einkum vísað í Kjalveg, laxveiði, reiðleiðir í óbyggðum, að nýta landbúnaðinn s.s. Beint frá býli, Náðarstund, Kálphamarsvík og golfvöll. Það er mikið gegnumstreymi fólks en vantar skýra segla sem stoppa ferðamenn.

Helstu ógnir varðandi atvinnumálin voru taldar t.d. að það vantaði íbúðir svo fólkinu geti fjölgað, það vantaði háskólamenntað fólk, margar jarðir væru í eigu efnaðra einstaklinga sem vilja loka þeim fyrir ágangi og stundi ekki búskap, það fjari líka undan landbúnaði vegna stjórnvaldsaðgerða og áhyggjur komu fram af framtíð afurðastöðvar á Blönduósi. Vegir séu víða í niðurniðslu og ef Húnavallaskóli verði lagður niður þá tapist 24 störf af því svæði ef ekkert annað kemur til. „Háð er varnarbarátta og á meðan sækjum við ekki fram, vantar fólk, vantar íbúðir, vantar félagsauðinn“.

FJALLSKIL

Ólíklegt talið að sameinað sveitarfélag fari að breyta miklu um fyrirkomulag fjallskila þó gjaldtaka sé mismunandi í dag. Minnt á að lögin segi að ef sveitarfélög eru sameinuð þá skulu umdæmi fjallskiladeilda haldast óbreytt frá því sem áður gilti og upprekstrarréttur standa óbreyttur miðað við eldri skipan, nema um annað sé samið.

Fram koma samt áhyggjur af því að þéttbýlisbúar hafi lítinn skilning á girðingarmálum og eyðingu á ref og mink. Þar vanti reyndar samræmt verklag um allt land.

UMHVERFISMÁL

Umhverfismál eru stækkandi málaflokkur, líka varðandi sorpið. Það er talinn styrkur svæðisins að sorphirðan sé almennt í góðum málum. Þó vanti aukna flokkun á lífrænum úrgangi. Bílar sem koma með sorp á Sölvabakka fara tómir til baka, geta þeir ekki tekið lífrænt rusl frá sveitarfélögunum er spurt. Það þurfi að flokka meira og bjóða þurfi gáma til tiltektar og auka þyrfti opnun á gámahúsi.

Svæðið almennt talið hreint og þrífalegt. Búið sé að gera átak varðandi rotþrær en fráveituframkvæmdir á Skagaströnd geti orðið stór biti. Urðunarsvæðið á Sölvabakka talið lýti sem stækkar og stækkar.

Fram kom ótti við að þjónusta muni minnka og að allir verði sendir inn á Blönduós þar sem verði eitt gámasvæði.

STJÓRN SVEITARFÉLAGA

Fram kemur að alltaf verði verra og verra að fá fólk til að starfa í sveitarstjórn. Fólk fari í þetta af hugsjón til að vinna samfélaginu vel. Það sé mikil vinna að vera í sveitarstjórn í sjálfboðavinnu, en sumir sæki í þetta til að fá völd.

Kvartað undan því að það sé engin stefnumörkun, fólkíð viti ekkert hvað er að gerast, sumstaðar séu aldrei íbúafundir og fámenni á skrifstofum þýði minni sérhæfingu og fagmennsku.

Og ótti kemur fram um að í sameinuðu sveitarfélagi fari allt á Blönduós.

Tillögur um næstu skref

1. Í ljósi þeirrar vinnu og upplýsingar sem fram hafa komið telja ráðgjafar Ráðrík ehf. rétt að **stefnt verið að sameiningarkosningum**. Aðkoma Ráðrík verði í samræmi við samning, nema samið verði um annað.
2. Hefja þyrfti sem fyrst vinnu við samfélagssáttmála í samráði við íbúa sveitarfélaganna. Samfélagssáttmálinn innihaldi stefnu sameinaðrar sýslu til 20 ára í **fræðslumálum og íþrótt- og æskulýðsmálum**. Þessi mál brenna mjög á íbúum sveitarfélaganna og hvort sem þau sameinist eður ei þá virðist jarðvegur fyrir því að útbúa sameiginlega stefnu í þessum málaflokkum.
3. Einnig þyrfti að ræða, og þá e.t.v. sem hluta af samfélagssáttmála, **viðhorf íbúa** og samstöðu, eða samstöðuleysi og **að mótuð verði lýðræðisstefna** um upplýsingagjöf og reglubundið samtal við íbúana.
4. Mikilvægt er að samstaða og sameiginlegur skilningur sé um **fyrirkomulag fjallskila**.
5. Í samantekt af opnum fundum eru ákveðin atriði undirstrikuð. Það eru þættir sem áriðandi er fyrir íbúana að vinna saman að, hvort sem það verður í sameinuðu sveitarfélagi eða ekki. Þar má nefna samstarf í **atvinnumálum og þá ekki síst í ferðamálum**.